

Har. Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
birgir@ry.is
Suðurlandsvegi 1-3,
850 HELLA



Selfoss, 20. desember 2019
Tilvísun: 2019120033 / rmj

Efni: Umsögn vegna deiliskipulagstillögu – Lyngás 5 í Rangárþingi ytra

Vegagerðin hefur móttengið til umsagnar deiliskipulagstillögu vegna Lyngás 5 í Rangárþingi ytra sem unnin er af Eflu verkfræðistofu dags. 02.10.2019.

Deiliskipulagsuppráttur sýnir sex lóðir með fjórum núverandi tengingum við Suðurlandsveg, Hringveg (1-c5), ein er sögð vera slóði, of stutt er á milli allra þessara tenginga. Hringvegur (1-c5) er stofnvegur af gerðinni C₁₀ þar sem lengd á milli tenginga á að vera að lágmarki 600 m. Vegagerðin fer fram á að núverandi slóði verði notaður sem eina tenging hverfisins við þjóðveginn fyrir öll núverandi íbúðarhús og þau sem eru væntanleg. Einnig að tengingar sem fyrir eru inná veginn verði lokað. Veghönnunarreglur kveða á um lágmarks fjarlægð á milli tenginga. Umferðaröryggi á þjóðvegum byggist m.a. á fjölda og þéttleika tenginga.

Vegagerðin minnir á Vegalög nr. 80/2007 en þar koma m.a. fram ákvæði um veghelgunarsvæði og tengingar við þjóðvegi. Vegagerðin bendir á að skipulagssvæðið er ekki er merkt inn á deiliskipulagstillöguna og fer fram á að bætt verði úr því, jafnframt að veghelgunarsvæði verði sýnt á deiliskipulagsuppráttum.

Vegagerðin telur litla skipulagsreiti ekki í samræmi við skipulagsreglugerð þar sem segir að deiliskipulag skuli að jafnaði ná til reits eða svæða sem mynda heildstæða einingu sem gefur sameiginlegar forsendur fyrir viðkomandi deiliskipulag. Þar segir jafnframt að við gerð deiliskipulags skal þess gætt að unnt sé að framfylgja sérstökum kröfum sem gerðar eru í öðrum lögum og reglugerðum, s.s. kröfum um öryggi.

Virðingarfyllst,


Rannveig María Jóhannesdóttir
Landfræðingur

Suðursvæði Vegagerðarinnar